

AUGLÝSING

um deiliskipulag frístundalóða í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningsshrepps hefur samkvæmt 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 samþykkt deiliskipulag frístundalóða í Grímsnesi skv. eftirfarandi:

- a) Breyting á deiliskipulagi í landi Snæfoksstaða.
- b) Deiliskipulag í landi Þórisstaða.
- c) Deiliskipulag í landi Búrfells I, svæði 2.
- d) Deiliskipulag við Kjarrbraut í landi Vaðness.

Ofangreind auglýsing öðlast þegar gildi.

Grímsnes- og Grafningshreppi, 15. september 2000.

Guðmundur Rúnar Svavarsson sveitarstjóri.

Nr. 677

12. september 2000

AUGLÝSING

um aukaleik Íslenskra getrauna.

Ráðuneytinu hefur borist tilkynning um aukaleik Íslenskra getrauna undir nafninu *Sigurinn, aukaleikur Íslenskra getrauna um Ólympíuleikana í Sydney - ÓL 2000* í samræmi við 3. tl. 4. gr. og 36. gr. reglugerðar fyrir Íslenskar getraunir nr. 543/1995. Leik þennan á að starfrækja frá 13. september til og með 1. október 2000.

Ráðuneytið samþykkir að leikur þessi verði starfræktur og að um hann gildi reglur þær sem Íslenskar getraunir hafa gefið út. Fylgja þær hér með sem fylgiskjal 1.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 12. september 2000.

F. h. r.
Jón Thors.

Fanney Óskarsdóttir.

Fylgiskjal 1.

Aukaleikur Íslenskra getrauna um Ólympíuleikana í Sydney - ÓL 2000.

SIGURINN Spilareglur.

1 Almennar reglur.

- 1.1 SIGURINN er samheiti yfir getraunaform þar sem þátttakandinn giskar á sigurvegarann í *greinum á Ólympíuleikunum í Sydney – ÓL 2000*. Hver keppni á SIGRINUM er sjálfstæð getraun.
- 1.2 SIGURINN er hægt að spila á Internetinu og hjá þeim söluaðilum sem hafa beinlínutengdan aðgang að sölukerfi Íslenskra getrauna á Internetinu.
- 1.3 Getraunatímabil er frá því sala hefst í ákveðnum getraunaleik og þar til allt að einni mínútu áður en viðkomandi keppni fer fram. Upplýsingar um áætlaðan keppnisdag,